



Friðarumræða á Íslandi

október 2009

Fyrir réttum þremur árum hvarf bandaríkjaher á brott frá Íslandi með tæki sín og umsvif. Litu þá margir glaðan dag, töldu sig hafa endurheimt landið og ný tækifæri til að móta eigin afstöðu.

Loksins lausir úr skugga þeirrar fylgispektar sem vera herstöðvarinnar hafði inrætt í 55 ár.

En nú dregur bliku á loft. Á ný eru uppi hugmyndir um að bjóða landið og lofthelgina undir hergagnageymslu og æfingar fyrir hershöfðingja NATO. Í þetta sinn er það hollenskt einkafyrirtæki sem sér hag sinn í því að gerast milliliður í málinu. Það skyldi þó ekki hafa frést af lítilþægni okkar og útsöluprísnum? Það skyldi þó ekki vera að sómakært fólk, í Hollandi eða annars staðar, kæri sig ekki um að leggja nafn sitt og lífsrými undir slíka starfsemi?

Fyrirtækið hyggst nota Keflavíkurflugvöll undir viðfangsefni sín og víst er að það á ekki hag sinn undir því að friðvænlegra verði í heiminum. Ef "vel" gengur verða leikföngin í vitfirrtu hernaðarbrótti heimsins fleiri og meiri peningar safnast í sjóði hermangaranna. Sú óheppilega staða gæti að vísu komið upp að það takist að æra einhvern óstöðugan þannig að Keflavík yrði í hans augum rökrétt skotmark. Uppákomur af því tagi eru ekki með öllu óþekktar á vígaslóðum síðustu áratuga eins og margir hafa kennt á eigin skinni.

Í ríkisstjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar eru ákvæði um hvernig endurreisa skuli traust og orðspor Íslands á alþjóðavettvangi. Áhersla er m.a. lögð á baráttu fyrir friði og afvopnun og að framlag Íslands til friðargæslu í heiminum verði fyrst og fremst á sviði sáttaumleitana, uppbyggingar borgaralegra stofnana, jafnréttis- og mannúðarmála. Þessi fallegu fyrirheit eru í hróplegu ósamræmi við hugmyndir um að lána land og aðstöðu svo gera megi hermenn hæfari í að drepa fólk.

Við skorum því á ríkisstjórnina að hafna þessum háskalegu áætlunum. Íslendingar nýrra tíma eiga að rísa upp, taka saman ábyrgð á því að láta drauminn um herlaust land og vopnlausu, ábyrgja þjóð verða að veruleika. Mörkum okkar eigin sérstöðu. Bindum ákvæði í stjórnarskrá um að Ísland sé her- og vopnalaust svæði og leggjum þannig lóð á vogarskálina fyrir afvopnun og betri heimi.

Guðrún Hannesdóttir og María S. Gunnarsdóttir